

ALDA BJÖRK VALDIMARSDÓTTIR

## „Draugar í skelinni“?

Rannsóknir Pauls Bloom á hugarstarfssemi,  
siðferði og tilfinningum

### *Inngangur að þýðingu*

Paul Bloom er sérfræðingur í sálfræði og hugrænum vísindum og gegnir prófessorsstöðu á því sviði við háskólann í Toronto og sem emeritus við Yale háskóla. Rannsóknir hans snúa að miklu leyti að því hvernig tungumál, siðferði, trúarbrögð, bókmenntir og listir móta börn og fullorðna sem félagsverur og hefur hann skrifað sjö bækur og fjölda ritrýndra greina um efnið, meðal annars í tímaritunum *Nature* og *Science*. Nýjasta bókin hans, þegar þetta er ritað, kom út 2023 og heitir *Psych: The Story of the Human Mind*.

Í *Psych* greinir Bloom hugarstarfsemina og tekst á við flóknar spurningar um mennskuna, hvernig hugur okkar virkar, hvernig hann hefur þróast og um tengsl gena, menningar og einstaklingsbundinnar reynslu. Einnig varpar hann fram áleitnum spurningum um frjálsan vilja, siðferðilega ábyrgð okkar og hversu lítið við vitum í raun um meðvitund okkar og valkostina sem við stöndum frammi fyrir hverju sinni.<sup>1</sup> Að sama skapi ræðir hann hugmyndir okkar um hugarstarfsemina og tengslin á milli vélvæðingar og hugsunar og spyr hvort við séum þegar öllu er á botninn hvolft ekkert meira en flóknar vélar. Hvernig hugsum við um líkamann? „Erum við íbúar í honum?“ eða „draugar í skelinni“ svo vitnað sé í verk japanska manga listamannsins Masamune Shirow.<sup>2</sup> Bloom lýsir því hvar

<sup>1</sup> Paul Bloom, *Psych. The Story of the Human Mind*, New York: HarperCollins, 2023, epub bók, 1%.

<sup>2</sup> Manga teiknimyndasaga Masamune Shirow ber undirtitilinn *Ghosts in the Shell* og kom út í Japan 1989 til 1990. Kvikmynd sem vinnur með upprunalegu söguna kom út 1995 og framhaldsmynd árið 2004, auk sjónvarpsþáttaraðar árið 2002.



ung börn, sem eru spurð, telja vera hina sönnu staðsetningu manneskjunnar í líkamanum, hana sé ekki að finna í brjóstinu eða hjartastaðnum heldur „beint á milli augnanna“.<sup>3</sup>

Bloom er á svipuðum slóðum í bók sinni *Descartes' Baby. How the Science of Child Development Explains What Makes us Human*, sem kom út árið 2004. Þar rannsakar hann þær kenningar Darwins að sumir mannlegir eiginleikar hafi ekki myndast vegna þróunar heldur séu auka afurð aðlögunar. Fólk hafi þróað með sér ákveðna leið til þess að hugsa um fólk og hluti og telur Bloom að við hugsum um heiminn á svipuðum forsendum og René Descartes, faðir nútímaheimspekinnar lagði til.<sup>4</sup> Descartes hafi verið hugfanginn af sjálfvirkni (e. *automata*) síns tíma og talið að líkamar manna og dýra væru ekkert meira en sérstaklega margslungnar vélar.<sup>5</sup> En hjá fólki, ólíkt þeim sem ekki eru menn, megi sjá mun á líkamlega hlutum (*res extensa*), sem sé þá líkami, efni eða hin sálfræðilega vél og svo hinum hugsandi hlut (*res cogitans*) sem sé andinn, sjálfíð, hugur okkar. Í þessum mannskilningi liggja grunnurinn að baki tvíhyggju Descartes og sú hugsun að líkami og andi séu aðskilin.<sup>6</sup> Bloom vill meina að okkur sé eðlislægt að aðhyllast kenningar Descartes um aðgreiningu líkama og sálar og að slík tvíhyggja hafi svo djúpstæð áhrif á okkur að hún móti okkur sem félagsverur, siðferði okkar og trúarbrögð.<sup>7</sup> Vísindin segi okkur hins vegar að Descartes hafi haft rangt fyrir sér, við séum ekki með sálar, heldur séum við efnisverur.

Með rannsóknum sínum á ungabörnum hefur Bloom komist að því að áður en þau taki upp tungumálið, læri að ganga eða stýra hægðum sínum þá sjái þau heiminn þannig að hann innihaldi bæði líkamlega hluti, fast efni, en einnig ólíkamlega hugi sem eru hvattir áfram af tilfinningum og markmiðum. Tvíhyggjan sem sé okkur svo eðlislæg móti skynjanir okkar á tilbúnum heimi og náttúrulegum heimi og hjálpi okkur að skilja hvers vegna börn hafi tilhneigingu til þess að trúa á guðlegan skapara og að öll sköpun eigi sér tilgang.<sup>8</sup> Spurningar er varða tvíhyggju mætti nota til að varpa ljósi á það hversu dularfull listin er

<sup>3</sup> Paul Bloom, *Psych*, epub, 3–4%.

<sup>4</sup> Descartes (1596–1650) var franskur heimspekingur, stærðfræðingur og vísindamaður og oft er hann kallaður faðir nútímaheimspeki og nútímastærðfræði. Mikið af nýaldarheimspeki eru viðbrögð við kenningum hans. Hann er talinn bera ábyrgð á áhuganum á verufræði á 17. öld og lagði grunninn að rökhyggju sem heimspekikenningu.

<sup>5</sup> Paul Bloom, *Descartes' Baby. How the Science of Child Development Explains What Makes us Human*, New York: Basic Book, 2004, epub, 3%.

<sup>6</sup> Sjá til dæmis Tad M. Schmalz, *Descartes on Causation*, New York: Oxford University Press, 2008, bls. 218.

<sup>7</sup> Paul Bloom, *Descartes' Baby*, epub, 4%.

<sup>8</sup> Sama heimild, 23%.

og hvers vegna við tökum svo alvarlega muninn á eftirlíkingu eða fölsunum og svo því sem er upprunalegt og ekta. Hvað er til dæmis það sem skilur listaverk frá öðrum verkum?<sup>9</sup> Bloom leggur einnig áherslu á að eðlislæg tvíhyggja okkar hafi áhrif á tilfinningar okkar til annars fólks, siðferðilegar skynjanir okkar og skilning, meðal annars hvernig við gerum mun á réttu og röngu og jafnframt viðhorf okkar til dauðans.

Paul Bloom beinir athygli sinni að verundarhyggju eða eðlishyggju (e. *essentialism*) í bók sinni *How Pleasure Works* sem kom út 2010 og fjallar um leyndardóma unaðarins eða lystisemdanna (e. *pleasures*). Þessi vellíðan er til að mynda bundin listum, tónlist, bókmenntum, masókisma og trúarbrögðum.<sup>10</sup> En þessi tilfinning sem tengist til dæmis mat og kynlífi er ekki einvörðu bundin manningum því að hún einkennir margar aðrar lífverur. Bloom telur af þessum sökum að mannlegur unaður eigi sér ekki rætur í náttúruvali eða öðru slíku þróunaferli heldur sé afurð menningar okkar.

Í hugrænum fræðum tengjast spurningar um lystisemdirnar ýmsu er varðar verundarhyggju, svo sem þeirri trú okkar að hlutir hafi í sér ósýnilegan kjarna sem geri þá að því sem þeir eru. Bloom telur að við höfum þróað með okkur eðlishyggju til þess að átta okkur á heiminum en hún hafi ýtt hvötum okkar og löngunum í áttir sem hafa ekkert að gera með það að lifa af eða fjölga okkur. Ípróttir, listir, tónlist, leiklist, bókmenntir og trúarbrögð séu meðal þeirra þátta sem geri okkur mannleg og við getum ekki skilið neitt af þessu án þess að átta okkur á því hvernig unaður virkar.<sup>11</sup>

Í bókinni *The Sweet Spot* sem kom út 2013 heldur Bloom áfram á sömu braut en beinir nú athygli sinni fremur að sársauka og þjáningu, og veltir því fyrir sér hvernig reynsla af tilfinningum, eins og ótta og sorg, veiti okkur ánægju eða unað. Rétt tegund af sársauka geti skapað forsendur fyrir aukinni ánægju síðar meir; það sé gjaldið sem við greiðum fyrir verðlaun í framtíðinni.<sup>12</sup> Kvöl geti dregið athygli okkar frá því sem við örvæntum yfir og jafnvel aðstoðað okkur við að víkka út sjálfíð. Að velja það að þjást getur þjónað félagslegum markmiðum, það getur afhjúpað hversu sterk við erum og/eða á mótsagnakenndan hátt, verið ákall eftir hjálp. Óþægilegar tilfinningar líkt og ótti og sorg geta verið notaðar í leik, fantasíum og skemmtun, líkt og sjá má í ýmiss konar sögum og

<sup>9</sup> Sama heimild, 32%.

<sup>10</sup> Paul Bloom, *How Pleasure Works. The New Science of Why We Like What We Like*, New York/London: W.W. Norton & Company, 2010, epub, 1%.

<sup>11</sup> Sama heimild, 3%.

<sup>12</sup> Paul Bloom, *The Sweet Spot, Suffering, Pleasure and the Key to a Good Life*, London: The Bodley Head, 2021, bls. xii.

kvikmyndum svo dæmi séu tekin. Og að takast á við erfiðleika, reyna á sig og leggja á sig getur leitt til þess að þú náir að sigrast á vandanum og upplifir sælu. Bloom nefnir einnig að óþægilegir draumar séu miklu algengari en þægilegir og að jafnvel dagdraumar okkar snúi oftar en ekki að því sem sé neikvætt. Við virðumst fá eitthvað út úr því að borða sterkan mat, fara í óþægilega heit böð, klífa fjöll, hlaupa maraþon, láta lemja okkur í andlitid í íþróttasalnum eða í bardagaíþróttum. Það er því áhugavert að skoða hvers vegna við upplifum sælu oft í gegnum ýmiss konar ferli þjáninga.

Þetta megi sjá í mörgum trúarlegum hefðum meðal annars í kristinni sköpunarsögu þegar hin upprunalega synd dæmir okkur til lífs sem sé litað af baráttu. Þjáningarnar eru einnig miðjan í búddisma og undirstaða Göfugu sannindanna fjögurra (e. *Four Noble Truths*) sem eru kjarninn í kenningu Búdda. Þau fela í sér eftirfalin fjögur atriði: 1) *dukkha* (þjáningu eða ófullnægju); 2) *Samudaya* (langanir, þrár, þorsta); 3) *nirodah* (hlé, endi, innilokun); 4) *marga* (leið, eða Göfugu áttföldu leiðina (e. *Noble Eightfold Path*)) sem á að leiða til þess að þjáningarnar endi.<sup>13</sup>

Bloom segir að jafnvel fræðimenn sem séu ekki sammála um neitt séu þó sammála um gildi þjáningarinnar.<sup>14</sup> *The Sweet Spot* spyr ýmissa spurninga líkt og hvers vegna fólk líki við hryllingsmyndir? Hvers vegna unglingar skeri sig? Hvað sé heillandi við BDSM? Gerir þjáning sem einstaklingurinn velur sér, hann sjálf-an seigari eða sterkari (e. *resilient*)? Gerir hún okkur að betri manneskjum? Bókin leitast við að draga upp víðari mynd af mannlegu eðli og verja það. Margir telja að mennirnir séu náttúrulegir nautnaseggir sem hugsi aðeins um vellíðan. En ef maður skoðar hungur okkar í sársauka og þjáningar þá er bersýnilegt að slíkt viðhorf á mannleika okkar er rangt. Við virðumst hallast að einhverju sem sé dýpra og yfirsíkilvitlegra. Jafnvel þótt unaðurinn sé sjaldan langt undan.<sup>15</sup>

Í bókinni *Against Empathy* frá 2016 vinnur Bloom áfram með tilfinningar en með aðeins breyttum formerkjum. Hlaut bókin misjafna dóma en margir voru

<sup>13</sup> *Encyclopedia of Buddhism*, ritstjóri Robert E. Buswell, New York: Macmillan Reference USA, 2004, bls. 51. Sannindin fjögur merkja möguleikann á vakningu (e. *awakening*) og frelsi Búdda. Þjáningin (*dukkha*) er grundvallareinkenni alls lífs í heiminum og felur í sér allt sem vekur sársauka en það getur verið fæðing, elli, veikindi, dauði, sorg, andlegar og líkamlegar raunir, hvíldarleysi, að fá ekki það sem þú þráir eða vilt. Búdda ræðir um fimm tegundir af ágirni eða græðgi sem manneskjur grípa í eða halda fast í til þess að hugsa um sig sem sjálfstæðar og varanlegar verur. Um er að ræða hinn líkamlega líkama, tilfinningar, skynjanir, hvað er meðvitund. Að halda í eitthvað af þessum atriðum skapar þjáningu vegna þess að ekkert er varanlegt í heiminum. Ekki er hægt að koma í veg fyrir þjáningar nema með uppljómun (e. *enlightenment*). Sjá *Encyclopedia of Buddhism*, bls. 240.

<sup>14</sup> Paul Bloom, *The Sweet Spot*, bls. xiii.

<sup>15</sup> Sama heimild, bls. xiv.

efins um afstöðu hans og bentu á að samlíðan væri gagnlegt tæki.<sup>16</sup> Fremdar-  
dýrafræðingurinn Frank De Waal segir til dæmis sjónarhornið í bók Blooms um  
að við eigum fremur að styðjast við röklega vitsmuni í siðferðilegri afstöðu okkar,  
ógnvekjandi í ljósi sögu samtímans. Hægt sé að nota vísindi og skynsemi sem  
ekki hafi mannlegt haldreipi til þess að réttlæta næstum allt, þar á meðal viður-  
stygglegar iðkanir. Með slíku viðhorfi sé hægt að færa rök fyrir þrælhaldi sem  
og læknisfræðilegum réttlætningum fyrir því að nota fanga sem tilraunadýr. Með  
slíku viðhorfi séum við hvött til þess að bæta mannkynið með nauðbeygingum  
og þjóðarmorðum.<sup>17</sup>

Í *Against Empathy* leggur Bloom áherslu á að fólk eigi að nota heilann meira en  
hjartað og segir samlíðan vera tvenns konar. Um sé að ræða tilfinningalega sam-  
líðan (e. *emotional empathy*) og vitsmunalega samlíðan (e. *cognitive empathy*). Þegar  
við ræðum um samlíðan þá séum við yfirleitt að hugsa um þessa tilfinningalegu  
sem felur í sér speglun og getu til að setja sig í spor annarra, líða með þeim. Slík  
samlíðan felur einnig í sér hermihvöt.<sup>18</sup> Vitsmunaleg samlíðan er aðeins öðruvísi  
og gefur til kynna skilning á líðan annarra, hugsunum þeirra og tilfinningum.<sup>19</sup>  
Við leggjum á okkur til þess að komast að því hvað knýr fólk áfram, hvað vekur  
með þeim gleði, sársauka, fær það til að hlæja, reiðast eða finna fyrir viðbjóði,  
svo dæmi séu tekin. Slík tegund af samlíðan snýst ekki um að finna heldur frem-  
ur um að skilja og hún getur að mati Blooms verið jákvæð. Félagsleg greind er  
eins og önnur greind og getur verið tæki til þess að breyta á siðferðilegan hátt.<sup>20</sup>  
En hann vill þó meina að slík tegund af vitsmunalegri samlíðan sé ofmetin sem  
leið til þess að gera góðverk. Sá mannkostur að geta lesið á réttan hátt þrjár og  
hvatir annarra sé sá eiginleiki sem farsæll siðblindingi (síkópati) geti hrósað sér  
af og hægt sé að misnota getuna til þess að arðræna eða fremja grimmdarverk.

<sup>16</sup> Sjá til dæmis viðtal Sean Illings við Bloom, „The Case Against Empathy. Why this Yale psychologist think you should be compassionate, not empathetic“, *Vox*, 16. janúar 2019.

<sup>17</sup> Frans De Wall, *Mama's Last Hug. Animal Emotion and What They Tell Us About Ourselves*, New York/London: W.W Norton & Company, 2019, bls. 110–111.

<sup>18</sup> Paul Bloom, *Against Empathy. The Case for Rational Compassion*, London: Vintage, 2016, bls. 19–20. Sjá einnig Alda Björk Valdimarsdóttir, „Ég heyrir það sem þú segir“. Sam-  
líðan sem pólitísk og félagsleg stýring“, *Ritid* 3/2022, bls. 129–167, hér bls. 130. Um  
frekari skilgreiningar á samlíðun og muninn á henni og samúð og samkennd sjá Bergljót  
S. Kristjánsdóttir og Guðrún Steinþórsdóttir, „Samkennd er ... stundum kölluð sam-  
líðun.“ Um þýðingar á ýmsum erlendum fræðiorðum“, *Skárnir*, vor, 2016, bls. 91–109.

<sup>19</sup> Bergljót og Guðrún hafa einnig rætt um samhygd sem aðra mögulega þýðingu á orðinu  
vitsmunaleg samlíðan (e. *cognitive empathy*), sama heimild, bls. 101. Frekar um samlíðan sjá  
Guðrún Steinþórsdóttir, *Raunveruleiki hugans er ævintýri. Um valdar sögur Vigdísar Grímsdóttur,  
einkenni þeirra og viðtökur*, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2021, bls. 52–53.

<sup>20</sup> Paul Bloom, *Against Empathy*, bls. 3.

Paul Bloom leggur áherslu á gildi þess að nota meðvitaða skynsemi í hversdagslegu lífi, þó að þetta sé nálgun sem sé ekki í tísku í samtímanum.<sup>21</sup> Samlíðan geti líka stýrt okkur í rangar áttir vegna þess að hún sé eins og ljóskastari sem beini athygli okkar að ákveðnu fólki, hér og nú. Okkur þyki vænt um fólkið sem við höfum samlíðan með en áttum okkur ekki alltaf á langtímaáhrifum gjörða okkar. Auk þess getum við orðið blind á sársauka þeirra sem við höfum ekki samlíðan með. Það geri okkur stundum hlutdræg í afstöðu okkar, þröngsýn og stuðli jafnvel að kynþáttafordómum. Samlíðan geti leitt til skammsýni, gjörða eða ákvarðana sem séu skammtímalausnir en hafi harmrænar afleiðingar í framtíðinni. Bloom minnir einnig á hvernig samlíðan horfi á einstaklinginn en ekki fjöldann. Hún geti stuðlað að ofbeldi vegna þess að samlíðan okkar gagnvart þeim sem standi okkur næst geti búið til óvini, valdið stríði og haft grimmdarverk í för með sér. Þá geti hún verið tærandi í persónulegum samskiptum, gert okkur úrvinda og komið í veg fyrir gæsku og ást í samskiptum.<sup>22</sup>

Bók Blooms *Just Babies. The Origins of Good and Evil* kom út nokkrum árum á undan *Against Empathy* eða 2013, en í þeirri bók setur hann fram kenningar um það hvernig siðferði þróast í mönnum. Í *Just Babies* fjallar Bloom um eitt af sérsviðum sínum, rannsóknir sem hann hefur gert á ungabörnum meðal annars með eiginkonu sinni, sálfræðingnum Karen Wynn. Bókin rannsakar tilfinningarnar sem aðstoða okkur að vera siðlegri, áhrifin sem fjölskyldan og fólk sem við tengjumst hafa á siðferðilega dóma okkar og hvernig samfélagið sem heild hlúi að siðferði. Bókin sýnir einnig hvað gerist þegar okkur skortir tilfinningarnar sem eru nauðsynlegur grunnur fyrir siðferðilega hegðun.

Í bókinni fjallar hann um hvernig siðferði heillar okkur, hversu mikinn áhuga við höfum á sögum sem segja frá hinu góða og illa, hvort sem um er að ræða skáldskap eða raunveruleika. Við viljum jafnframt að hinir góðu séu verðlaunaðir og að þeir vondu þjáist.<sup>23</sup> Samkvæmt rannsóknum Bloom er okkur að eðlisfari sama um ókunnuga og höfum jafnvel andúð á þeim. Við höfum tilhneigingar til þröngsýni og fordóma. Sum af okkar eðlislægu tilfinningalegu viðbrögðum, líkt og viðbjóður, hvetja okkur til þess að gera hræðilega hluti, meðal annars taka þátt í þjóðarmorðum.<sup>24</sup>

Bloom varpar fram spurningum um hvernig skilningur á siðferðilegu eðli barna geti verið undirstaðan í nýjum viðhorfum til sálfræðilegs skilnings á full-

<sup>21</sup> Sama heimild, bls. 4.

<sup>22</sup> Sama, heimild bls. 9.

<sup>23</sup> Paul Bloom, *Just Babies. The Origins of Good and Evil*, 2013, New York: Crown Publisher, bls. 2.

<sup>24</sup> Sama heimild, bls. 6.

orðnum. Hann setur fram þá kenningu að við vinnum áfram með og víkkum út (e. *transcend*) þá siðferðisvitund sem við fæðumst með. Ímyndunarafi okkar, samkennd og sérstaklega greind gefi okkur siðferðilegt innsæi og siðferðisþroska sem vaxi jafnt og þétt fram á fullorðinsár.<sup>25</sup>

Rannsóknir Blooms á börnum gefa til kynna að ákveðin tegund af siðferði sé okkur eðlislæg. Við höfum frá æsku siðferðiskennd sem geri okkur kleift að dæma aðra og sem leiðbeini samkennd okkar og fordæmingu. Við séum frá náttúrunnar hendi vinsamleg við aðra, að minnsta kosti stundum. En við höfum einnig meðfæddan hæfileika til þess að sýna ljótleika sem geti dreift sér og orðið að illsku.<sup>26</sup> Bloom segir prestinn Thomas Martin hafa hitt naglann á höfuðið á 19. öld þegar hann tali um „innfædda spillingu“ (e. *native depravity*) barna og niðurstaða hans hafi verið að „við fæðumst inn í heiminn með eðli sem er ríkt af illri tilhneigingu“.<sup>27</sup>

Börnin sem Bloom rannsakar eru ung en ekki yngri en þriggja mánaða, þar sem erfitt er að skoða huga svo ungra barna. Það tekur hugann einnig tíma að þroskast, svo hann færir ekki rök fyrir því að siðferði sé endilega til staðar frá fæðingu auk þess sem það geti tekið tíma fyrir einkennin að birtast. Það breyti því ekki að ákveðinn grundvöllur siðferðiskennar okkar sé ekki lærður heldur afrakstur líffræðilegrar þróunar.<sup>28</sup>

Siðferði hefur ekki endilega eitthvað að gera með það sem okkur finnst vera rangt. Það nær einnig yfir allt sem okkur finnst vera rétt, gott og vinsamlegt, til

<sup>25</sup> Bergjót S. Kristjánsdóttir og Guðrún Steinþórsdóttir þýða orðið „compassion“ sem samkennd en orðið „sympathy“ sem samúð. Sjá til dæmis greinina „„Samkennd er ... stundum kölluð samlíðun.““

<sup>26</sup> Paul Bloom, *Just Babies. The Origins of Good and Evil*, bls. 8.

<sup>27</sup> Bloom sækir tilvitnunina í Thomas Martin í Frank Keil, *Developmental Psychology. The Growth of Mind and Behavior*, New York: Norton, 2014. Þessi tilvitnun tengist hugmyndum okkar um erfðasýndina í kristinni kennisetningu. Í fyrstu Mósebók Biblíunnar er sagt frá því að börn fæðist með erfðasýndina, spilt eðli sem þarfnist endurreisnar. Mennirnir hafi því tilhneigingu til þess að hegða sér á syndsamlegan máta. Þessi trú er byggð á upprunalegu sýndinni, sögunni af Adam og Evu í Aldingaröðnum og birtist til dæmis í sálminum „Sjá, sekur var ég, er ég varð til, syndugur, er móðir mín fæddi mig“ (5:17) og í Rómverjabréfinu: „Syndin kom inn í heiminn fyrir einn mann og dauðinn fyrir sýndina, og þannig er dauðinn runninn til allra manna, af því að allir hafa syndgað.“ (5:12) Sagnfræðingurinn James Boyce segir að vestræn trúarbrögð séu einstök að því leyti að fólk sé dæmt áður en það fremur siðlausan verknað. Ríkjandi skoðunin hafi verið sú að fólk fæðist sem syndarar, vegna réttlátrar reiði Guðs, ekki vegna þess sem það gerði heldur vegna þess sem það er. Boyce segir að kennisetningin sé miðlæg fyrir vestrænan skilning á mannleika okkar. Án einhvers konar þekkingar á þessari ráðgátu sé hættan sú að við munum ekki skilja okkur sjálf. Sjá James Boyes, *Born Bad, Original Sin and the Making of the Western World*, Collingwood: Black Inc, 2014, bls. 10–12.

<sup>28</sup> Paul Bloom, *Just Babies*, bls. 8.

dæmis því að hjálpa ókunnugum með því að gefa þeim peninga, tíma eða blóð-gjöf. Slík hegðun er talin vera siðleg. Siðferðilegar spurningar takast því í senn á við hörkulega þætti sem varða dóma en einnig þá sem varða mýkt og óeigingirni líkt og „rausnarskap, mannleika, samkennd, gagnkvæma vináttu og virðingu, félagslega og velviljaða væntumþykju.“<sup>29</sup>

Bloom segir að frá þróunarsjónarmiði borgi sig fyrir okkur að vera góð hvert við annað. Okkur vegni mun betur þegar við vinnum saman, í veiðum, söfnun, barnapössun og þess háttar. Það sé því hagur allra að við hugsum hvert um annað. Adam Smith lagði áherslu á þetta langt á undan Darwin og segir alla meðlimi mannlegs samfélags berskjaldaða fyrir skaða en þar sem nauðsynleg aðstoð sé veitt af ást, þakklaeti og virðingu þá blómstri samfélagið og sé hamingjusamt.<sup>30</sup>

Bloom tekur undir viðhorf Adams Smith en leggur þó einnig ríka áherslu á að til þess að samfélag blómstri þá verði einstaklingarnir að láta það vera að misnota aðra. Þar sem gott fólk komi saman verði slæmur þegn að snáknum í garðinum, eða „niðurrifi innan frá“ (e. *subversion from within*) svo vitnað sé í þróunarlíffræðinginn Richard Dawkins.<sup>31</sup> En slíkur snákur fær það besta út úr báðum heimum, hann uppsker ávinninginn af samstarfi án þess að taka þátt í því. Það sé alveg rétt að heimurinn í heild sinni væri verr settur ef hin demónsku gen myndu ná að fjölga sér og breiðast út. En við þurfum að velta því fyrir okkur hvað komi í veg fyrir það að demónsk gen taki yfir í mannfjöldanum og að við sitjum ekki uppi með heim sem sé yfirfullur af siðblindingjum.<sup>32</sup>

Af ofangreindu er ljóst að rannsóknir Pauls Bloom eru fjölbreyttar og taka yfir stórt svið þótt vissulega sé fræðileg skörun á milli þeirra verka sem hann gefur út. Um er að ræða áhrifamikinn rannsakanda sem greinir þróun okkar, eðli, náttúru og siðferðiskennd og sækir í þeim tilgangi vítt og breitt í fræðin sem og skáldskap, kvikmyndir og aðra listsköpun til þess að rökstyðja kenningar sínar og gefa þeim vægi.

<sup>29</sup> Bloom vitnar hér í Adam Smith, *The Theory of Moral Sentiment*, 1759, endurprentuð, Lawrence, KS: Digireads.com, 2011, bls. 30. Sjá einnig Paul Bloom, *Just Babies*, bls. 13.

<sup>30</sup> Bloom sækir tilvitnunina í Adam Smith í *The Theory of Moral Sentiments*, bls. 63.

<sup>31</sup> Bloom sækir tilvitnunina í Richard Dawkins í *The God Delusion*, New York: Houghton, Mifflin, 2006, bls. 199.

<sup>32</sup> Paul Bloom, *Just Babies*, bls. 17. Bloom vinnur einnig með kenningar Darwins í *The Descent of Man* um að hjörð sem samanstandi af einstaklingum sem séu tilbúnir til þess að fórnar sér fyrir aðra meðlimi hjarðarinnar, sýni hollustu, óeigingirni, hugrekki og samúð, hafi ávinning fram yfir aðrar hjarðir. Meðlimir slíkra hjarða eigi því meiri möguleika á því að fjölga sér og koma genunum sínum á framfæri. Sjá Charles Darwin, *The Descent of Man, and Selection in Relation to Sex*, Princeton/New Jersey: Princeton University Press, 1981, bls. 166. Sjá einnig Alda Björk Valdimarsdóttir, „„Ég heyri það sem þú segir“. Samliðan sem pólitísk og félagsleg stýring“, bls. 147.



PAUL BLOOM

## Samliðan og samkennd<sup>1</sup>

Fólk getur ekki tekið siðferðilegar ákvarðanir án hæfileikans að geta greint rétt frá röngu. En ef við viljum útskýra hvaðan siðferðilegar athafnir koma – hvers vegna við hegðum okkur stundum vinsamlega og erum ósérhlífín, í stað grimmdarlega og af sjálfsselsku, þá má glögg sjá að siðferðisvitund dugar ekki sem útskýring.

Til að skilja þetta gætum við ímyndað okkur fullkominn, fullkomlega rotinn, siðblindingja (e. *psychopath*). Hann er gæddur ýmsum lyndiseinkunum, er til dæmis vel greindur, hefur góða félags hæfni og sitthvað af þeim sömu hvötum og venjulegt fólk býr yfir, svo sem hungur, losta og forvitni. En hann skortir hefðbundin viðbrögð við sársauka annarra og vantar tilfinningar eins og þakklæti og skömm. Vegna óæskilegra genasamsetninga, uppeldis og einstaklingsbundinnar persónulegrar reynslu er hann án siðferðiskenndar.<sup>2</sup>

Siðblindinginn okkar þarf ekki að vera siðferðilegur vanviti (e. *moral imbecile*). Hann gæti búið yfir þeim einföldu hæfileikum sem við töluðum um í síðasta kafla.<sup>3</sup> Jafnvel sem siðblint barn, gæti hann fremur kosið einstakling sem hjálpar einhverjum upp á hæð heldur en þann sem hrindir persónunni niður. Og þegar hann vex úr grasi mun hann læra á reglur og væntingar samfélags síns. Siðblindinginn okkar veit að það er „rétt“ að hjálpa barni sem hefur villst og „rangt“

<sup>1</sup> [Þýð.] Ritsjóra *Ritsins*, Guðrúna Steinþórsdóttur er þakkað yfirlestur og mjög góðar ábendingar.

<sup>2</sup> Essi Viding, R. James. R. Blair, Terrie. E. Moffitt, og Robert Plomin, „Evidence for Substantial Genetic Risk for Psychopathy in 7-Year-Olds“, *Journal of Child Psychology and Psychiatry* 46/2005, bls. 592–597.

<sup>3</sup> [Þýð.] Um er að ræða þýðingu á öðrum kafla úr bók Pauls Bloom sem er prófessor í sálfræði við Háskólann í Toronto og emeritus við Yale háskóla. Bókin heitir á frummáli *Just Babies. The Origins of Good and Evil* og kom út árið 2013. Í fyrsta kafla bókar sinnar ræðir Bloom sérstaklega um siðferðilegt líf ungabarna, hvernig ákveðnir þættir siðferðis virðast vera okkur náttúrulegir eða eðlislægir á meðan aðrir eru það ekki. Bloom hefur ásamt samstarfsmanni sínum og eiginkonu, Karen Wynn, rannsakað heila ungabarna með ýmiss konar prófunum á rannsóknarstofu þeirra sem hann lýsir meðal annars í fyrsta kafla bókar sinnar. Rannsóknirnar miða til að mynda að því að auka skilning á félagsþroska ungabarna, siðferðisvitund og því gildismati sem börn hafa á góðri og slæmri hegðun.

að beita konu kynferðislegu ofbeldi á meðan hún er meðvitundarlaus. En hann finnur ekki fyrir siðferðilegu tilfinningunum sem tengjast slíkum athöfnum, svo að mat hans á réttu og röngu líkist því þegar einhver sem er blindur frá fæðingu staðhæfir að grasið sé „grænt“ og himininn „blár“ – sem er rétt þekking út frá staðreyndum en án þeirrar venjubundnu reynslu sem fylgir henni.

Ímyndaðu þér að reyna að sannfæra siðblindingjann þinn um að vera góður við annað fólk. Þú gætir sagt við hann að hann þurfi að bæla niður eigingjarnar hvatir í þágu annarra. Þú gætir kastað að honum dálítilli heimspeki, kynnst hann fyrir heimpekingum sem aðhyllast þau viðhorf nytjastefunnar að athafnir okkar eigi að hámarka hamingju mannsins í heild sinni. Þú gætir útskýrt skilyrðislausu skylduboð (e. *categorical imperative*) Immanuel Kant eða fávisifeld (e. *veil of ignorance*) Johns Rawl eða hlutlausan áhorfanda (e. *impartial spectator*) Adams Smith. Þú gætir prófað aðferð sem foreldrar beita oft á börnin sín og spurt hann hvernig honum liði ef einhver kæmi á sama hátt fram við hann og hann kemur fram við aðra.<sup>4</sup>

Hann gæti brugðist við öllu þessu þannig að honum væri einfaldlega sama um það hvort hamingja annarra aukist og hafi engan áhuga á skilyrðislausu skylduboðorði eða öðru slíku. Hann geri sér grein fyrir hvernig leggja megi röklega að jöfnu það að hann skaði einstakling eða einstaklingurinn skaði hann, hann sé ekki fáviti þegar öllu er á botninn hvolft. En þó hvetur ekkert af þessu hann til þess að koma fram við fólk af vinsemd.

Sannir siðblindingjar svara á svipaðan hátt. Sálfræðingurinn William Damon segir frá viðtali sem birtist í *New York Times* við þrettán ára árásaræningja (e. *mugger*) sem veittist grimmilega að eldra fólki, þar á meðal blindri konu. Hann sýndi enga iðrun vegna gjörða sinna og sagði að blint fólk væri skynsamlegt skotmark vegna þess að það myndi ekki geta borið kennsl á hann síðar.<sup>5</sup> Þegar árásarmaðurinn var spurður um sársaukann sem hann hafði valdið konunni, lýsti fréttamaðurinn því á þessa leið: „Drengurinn var hissa á spurningunni og svaraði svo: „Af hverju ætti mér ekki að vera sama? Ég er ekki hún“. Ted Bundy var undrandi á öllu fjaðrafokinu vegna morðanna sem hann hafði framið: „Ég meina, það er til svo margt fólk.“<sup>6</sup> Raðmorðinginn Gary Gilmore tók í stuttu máli saman viðhorf þeirra sem hafa ekki siðferðilegar tilfinningar. „Ég var alltaf fær um að myrða ... Ég get algjörlega losað mig undan því að finna fyrir

<sup>4</sup> Martin L. Hoffman, *Empathy and Moral Development. Implications for Caring and Justice*, New York: Cambridge University Press, 2000.

<sup>5</sup> William Damon, *The Social World of the Child*, San Francisco: Jossey-Bass, 1977, bls. 18.

<sup>6</sup> Tilvitnunin er sótt í Paul Bloom, *Descartes' Baby: How the Science of Child Development Explains What Makes Us Human*, New York: Basic Books, 2004.

tilfinningum annarra, verið tilfinningalaus.<sup>7</sup> Ég veit að ég er að gera eitthvað stórkostlega andskoti rangt. En þrátt fyrir það get ég haldið áfram og gert það.“

Eða hugleiddu þetta viðtal við Peter Woodcock, sem hafði nauðgað og myrt þrjú börn þegar hann var táníngur.<sup>8</sup> Eftir tugi ára á geðdeild fékk hann þriggja klukkustunda leyfi til þess að ganga um lóðina án eftirlits. Meðan á því stóð bauð hann öðrum sjúklingi, nánnum vini sínum, að slást í ferð með sér inn í skóg og drap hann síðan með öxi.

*Spyrill:* Hvað fór í gegnum huga þinn á þessum tíma? Þetta var einhver sem þú elskaðir.

*Woodcock:* Forvitni, reyndar. Og reiði. Vegna þess að hann hafnaði mér alltaf þegar ég leitaði á hann.

*Spyrill:* Og hvers vegna fannst þér forvitni þín næg ástæða fyrir að einhver ætti að deyja.

*Woodcock:* Ég vildi bara vita hvernig tilfinning það væri að drepa einhvern.

*Spyrill:* En þú hafðir þegar drepit þrjár manneskjur.

*Woodcock:* Já en það var fyrir mörgum, mörgum, mörgum árum síðan.

Berðu þessar óhugnanlegu mannlýsingar saman við þau siðferðilegu gildi sem myndast þegar um er að ræða venjulega æsku. Charles Darwin greinir frá nokkrum dæmum til útskýringar í riti sínu „Evisöguleg skissa af ungabarni“ (e. „A Biographical Sketch of an Infant“) sem var gefið út 1877 í hinu virta heimspekítímariti *Mind*.<sup>9</sup> Darwin hafði lesið grein um þroska barna í sama tímariti og það hvatti hann til þess að líta yfir glósurnar sem hann hafði safnað saman þrjátíu og sjö árum áður þegar hann fylgdist með þroska sonar síns Williams, drengs sem hann stoltur lýsti sem „fallegu og gáfuðu undrabarni (e. *prodigy*)“.

Upphaflega voru líkamleg viðbrögð skráð í dagbækurnar („ungabarnið mitt stendur sig vel í að hnerra, hiksta, geispa, teygja sig og svo auðvitað í því að sjúga og öskra“) en í kjölfarið fylgdu skýrslur um það sem Darwin kallaði „siðferðilegar tilfinningar“. Þegar William var orðinn sex mánaða gamall brást hann við því sem hann greindi sem þjáningar annarra þannig: „Þegar hann var sex mánaða og ellefu daga gamall sýndi hann glögglega samúðargetu sína því að munnvikin

<sup>7</sup> Tilvitnunin sótt í Paul Bloom, *Descartes' Baby*.

<sup>8</sup> Jon Ronson, *The Psychopath Test. A Journey Through the Madness Industry*, New York: Riverhead, 2011, bls. 91.

<sup>9</sup> Charles Darwin, „A Biographical Sketch of an Infant“, *Mind* 2/1877, bls. 285–294.

beygðust niður í svip sem sýndi depurð þegar barnfóstran hans þóttist gráta.<sup>10</sup> Löngu síðar tók Darwin eftir því hversu hreykinn William var af gæsku sinni: „Þegar hann var tveggja ára og þriggja mánaða gaf hann litlu systur sinni síðasta bitann af hunangskökunni og hrópaði sjálfumglaður „ó, góði Doddy, góði Doddy.“<sup>11</sup> Fjórum mánuðum síðar mátti sjá fyrstu merkin um sektarkennd og skömm: „Ég rakst á hann þegar hann var að koma út úr borðstofunni og augu hans voru óeðlilega björt og það var eitthvað skringilegt eða tilgerðarlegt við hegðun hans.<sup>12</sup> Svo að ég fór inn í herbergið til að athuga hver væri þar og sá þá að hann hafði fengið sér mulinn sykur, sem honum hafði verið bannað að gera. Þar sem honum hafði aldrei verið refsað á nokkurn hátt þá var það ekki ótti sem gerði það að verkum að hann hegðaði sér skringilega og ég geri frekar ráð fyrir því að hann hafi fundið fyrir ánægjuríkri spennu við að takast á við samviskuna.“

Tveimur vikum síðar skrifaði Darwin: „Ég kom aftur að honum á leið út úr sama herbergi og hann var með augun á smekknunum sínum sem hann hafði rúllað vandlega saman. Og aftur var hegðun hans svo skringileg að ég ákvað að sjá hvað væri í smekknun hans. Ég lét ekki segjast þó að hann segði mér að þar væri ekkert að finna og skipaði mér ítrekað að „fara burt“. En ég komst að því að smekkurinn hans var litaður af safu úr súrum gúrkum svo að þarna var um vandlega skipulögð svik að ræða.“<sup>13</sup>

Við sjáum hjá hinum unga William baráttuna á milli góðs og ills sem einkennir daglegt líf. Venjulegt fólk hegðar sér oft fremur illa ef það trúir því að það verði ekki gert ábyrgt fyrir gjörðum sínum og við höfum öll gott af því annað veiðið að vera haldið í skefjum þegar við stöndum frammi fyrir muldum sykri, súrum gúrkum og öðrum freistingum. En það er líka ljóst að samviskan myndast þegar við erum ung og aðstoðar okkur við að halda aftur af þessum hvötum okkar. Í mörgum tilfellum þurfum við reyndar ekki á því að halda að okkur sé hótad refsingu til þess að vera góð, vegna þess að sjálfhverf eða grimmdarleg hegðun getur í eðli sínu verið mjög óþægileg. Eitt dæmi um þetta er rannsókn frá fjórða áratug síðustu aldar þar sem spurt var spurninga eins og „Hversu mikla peninga myndi þú taka fyrir að kyrkja kött með berum höndum?“<sup>14</sup> Flestir svöruðu um 10.000 dollara sem er um 155.000 dollara í dag. Sömu einstaklingar þurftu einungis helming upphæðarinnar til að samþykkja að láta rífa úr sér framtönn.

<sup>10</sup> Sama heimild, bls. 289.

<sup>11</sup> Sama heimild, bls. 291.

<sup>12</sup> Sama heimild, bls. 292.

<sup>13</sup> Sama heimild, bls. 292.

<sup>14</sup> Michael Sandel, *Justice. What's the Right Thing to Do?*, New York: Farrar, Straus and Giroux, 2009.

En siðblindingi myndi gera þetta fyrir mun minna. Ef hann langaði til þess að kyrkja kött, gæti hann gert það ókeypis – svo lengi sem enginn væri að horfa. Hann myndi örugglega vera nægilega gáfaður til þess að átta sig á því að það kæmi fólki úr jafnvægi og að útskúfunin og refsingin sem fylgdi í kjölfarið kæmi í veg fyrir að hann næði fram öðrum markmiðum sínum. Andúðin sem venjulegt fólk hefur á því að kyrkja kött væri einfaldlega ekki til staðar.

Margar skáldsögur, kvikmyndir og sjónvarpsþáttaraðir draga upp mynd af siðblindingja sem er að mörgu leyti betri en við hin, ómótstæðilegur, þokkafullur og nýtur velgengni líkt og mannættugeðlæknirinn Hannibal Lecter eða hinn elskulegi raðmorðingi Dexter Morgan. Sumir sálfræðingar og félagsfræðingar telja að siðblinda geti verið eftirsóknarverður eiginleiki í viðskiptum og stjórn-málum og að þess vegna sé of mikið um siðblindueinkenni hjá fólki sem vegni vel.<sup>15</sup>

Ef þetta væri raunin væri það ráðgáta. Ef siðferðilegar tilfinningar okkar þróast með hliðsjón af náttúruvali, þá ætti það ekki að vera með þeim hætti að maður þrifist vel án þeirra. Og í raun er hinn farsæli siðblindingi líklega undan-tekningin. Siðblindingjar hafa ákveðnar takmarkanir. Sumar þeirra eru snúnar. Sálfræðingurinn Abigail Marsh og samstarfsmenn hennar hafa komist að því að siðblindingjar eru sérstaklega ónæmir fyrir tjáningu á ótta. Venjulegt fólk ber kennsl á ótta og nálgast hann líkt og hann sé neyðarmerki en siðblindingjar eiga erfitt með að skynja hann, hvað þá bregðast við honum á viðeigandi hátt. Marsh segir sögu af siðblindingja sem var rannsakaður með myndasýrþum en honum mistókst aftur og aftur að bera kennsl á ótta í svipbrigðum þar til hann að lokum fann út úr því: „Þetta er svipurinn sem fólk setur upp rétt áður en ég sting það.“<sup>16</sup>

Annað sem skortir skiptir meira máli. Vöntunin á siðferðilegum kenndum yfirhöfuð, og sérstaklega skorturinn á virðingu fyrir öðrum, gæti verið það sem verður siðblindingjanum að falli. Við sem erum ekki siðblind erum stöðugt að leggja mat hvert á annað, við leitum að góðvild og skömm og sambærilegum hlutum og við notum þær upplýsingar til þess að ákveða hverjum við ættum að treysta, hverjum við ættum að tengjast. Siðblindinginn verður að þykjast vera einn af okkur. En það er erfitt. Það er erfitt að þvinga sjálfan sig til þess að fara eftir siðferðisreglum aðeins vegna þess að skynsamlegt mat segir þér hvers er ætlast til af þér. Ef þig langar til þess að kyrkja köttinn þá áttu í baráttu með að halda aftur af þér ef það er einungis vegna þess að það er illa séð. Vegna þess að

<sup>15</sup> Paul Babiak og Robert D. Hare, *Snakes in Suits. When Psychopaths Go to Work*, New York: HarperCollins, 2006.

<sup>16</sup> Abigail A. Marsh og Elise M. Cardinale, „Psychopathy and Fear. Specific Impairments in Judging Behaviors That Frighten Others“, *Emotion* 12/2012 bls. 892–898.

þeir hafa ekki fengið eðlilegan skammt af skömm og sektarkennd, láta siðblind-  
ingjar undan slæmum löngunum og fremja hræðileg verk af illkvitni, græðgi og  
einfaldlega vegna þess að þeim leiðist. Og fyrr en síðar eru þeir afhjúpaðir. Þó  
að siðblindlingja geti vegnað vel til skamms tíma, þá hafa þeir tilhneigingu til að  
missjúga sig þegar til lengri tíma er litið og enda oft í fangelsi eða þaðan af verra.

Við skulum líta nánar á hvað skilur siðblint fólk frá okkur hinum. Siðblinda  
felur í sér mörg einkenni, meðal annars sjúklega lygaáráttu og skort á iðrun  
eða sektarkennd en meginatriðið snýr að skeytingarleysi þeirra um þjáningar  
annarra. Siðblindlingja skortir samkennd.

Til þess að skilja hvernig samkennd virkar hjá okkur sem erum ekki siðblind  
þá er mikilvægt að skilja hana frá samlíðan. Sumir rannsakendur úr samtím-  
anum gera ekki greinarmun á hugtökunum, en það er stór munur á því að þykja  
vænt um persónu (samkennd) og að setja sig í spor hennar (samlíðan).

Adam Smith notaði ekki orðið *samlíðan* – það var búið til árið 1909, eftir  
þýska orðinu *Einfühlung*, sem merkir að „finna inn í, en hann lýsti hugtakinu vel:  
„Við förum líkt og inn í líkama [annars] og verðum í einhverjum skilningi sama  
manneskjan.“<sup>17</sup> Samlíðan er kraftmikil, oft ómótstæðileg hvöt. Maður engist á  
meðan maður horfir á gamanleikara gera sig að athlægi á sviðinu, það er erfitt  
að halda ró sinni á meðan einhver er í uppnámi. Hlátur er smitandi og sama má  
segja um tár. Kvikmyndahússgestur sér einhvern sparka í eistun á James Bond  
í *Casino Royale* og spennist upp vegna þess að hann speglar viðbrögðin við sárs-  
aukanum. (Ég veðja á að þessi sena sé sérstaklega óþægileg fyrir þá áhorfendur  
sem eru með eistu). John Updike lýsti barnæsku sinni á þennan hátt: „Ömmu  
minni lá oft við köfnun við eldhúsbörðið og minn eigin háls þrengdist af samúð  
með henni.“<sup>18</sup>

Samlíðan leiðir til gleði þegar aðrir eru gladdir. Viðbrögð okkar við ánægju  
annarra eru flókin og geta verið lituð af afbrýðissemi; hvers vegna skemmtir hún  
sér svona miklu betur en ég? En þrátt fyrir það, þá er hægt að smitast af ánægju.  
Flettu upp myndbandinu á YouTube sem kallast *Hahaha*, þar sem maður gefur  
frá sér skritin hljóð („Plong! Floop!“) utan myndavélarinnar á meðan barn í  
háum stól bregst við með móðursjúkum hlátri. Eða skoðaðu *Barn hlær móðursjúk-  
lega á meðan pappír er rifinn* (e. *Baby Laughing Hysterically at Ripping Paper*), sem hefur

<sup>17</sup> Adam Smith, *The Theory of Moral Sentiments*, 1759; endurprentun, Lawrence, KS: Digir-  
eads.com, 2011, bls. 13.

<sup>18</sup> John Updike, *Getting the Words Out*, Northridge, CA: Lord John Press, 1988,  
bls. 17, tilvitnun sótt í Elaine Hatfield, John T. Cacioppo, og Richard L. Rap-  
son, *Emotional Contagion*, New York: Cambridge University, 1994.

fengið meira en 58 milljón áhorfa og er vinsælla heldur en pöndur sem hnerra og kettir sem prumpa. Aðdráttarafl myndskaiðanna felst í ánægju barnanna og stokkið er frá þeirra höfði yfir í okkar eins og um sé að ræða töfrabrögð.

Adam Smith kemur með annað dæmi: „Þegar við höfum lesið bók eða ljóð svo oft að við skemmtum okkur ekki lengur við það að lesa fyrir okkur sjálf, þá getum við samt haft ánægju af því að lesa textann fyrir félagan okkar. Í hans augum ber skáldskapurinn með sér töfrandi nýbreytni og við göngum inn í undrunina og aðdáunina sem hann vekur eðlilega upp hjá félaganum. [...] Við íhugum allar hugmyndirnar sem lesturinn dregur fram hjá honum á meðan hann les [...] og samúðin með gleði hans vekur með okkur ánægju.“<sup>19</sup> Hér útskýrir Smith eina af stærstu ánægjum internetsins, hvers vegna bandarar eru áframsendir, myndir af ómótstæðilegum dýrum, bloggi, myndböndum og svo framvegis. Greining hans fangar líka eitt af því sem gerir það gleðiríkt að vera foreldri, maður fær að endurupplifa ákveðna reynslu, svo sem að fara í dýragarðinn og borða ís í fyrsta sinn.

Það er til vinsæl kenning í taugafræðum um það hvernig samlíðan virkar – spegilfrumur.<sup>20</sup> Upphaflega fundust þessar frumur í heila rhesus-makakíapa og þær örvast bæði þegar api horfir á annað dýr athafna sig og þegar apinn sjálfur hegðar sér eins. Frumurnar sjá ekki muninn á sér og öðrum og þær er að finna í öðrum prímötum, þar með talið í mönnum að öllum líkindum.

Uppgötvun þessara taugafruma hefur valdið töluverðum hræringum, þar sem einn þekktur taugafræðingur (e. *neuroscientist*) bar hana saman við uppgötvunina á DNA.<sup>21</sup> Vísindamenn eru farnir að byggja kenningar um upptöku tungumálsins, um einhverfu og félagslega hegðun, á rannsóknum sínum á spegilfrumum og þessar frumur hafa fangað athygli almennings á sama hátt og taugakerfið gerði fyrir allnokkrum árum: Þegar fólk ræðir áhugaverða þætti hugarstarfsins þá getum við gengið út frá því að einhver muni að lokum gefa til kynna að það sé allt hægt að útskýra með spegilfrumum.

Þetta leiðir okkur að einfaldri kenningu um samkennd: X sér að Y þjáist;

<sup>19</sup> Adam Smith, *Theory of Moral Sentiments*, bls, 13.

<sup>20</sup> Vittorio Gallese, Luciano Fadiga, Leonardo Fogassi, og Giacomo Rizzolatti, „Action Recognition in the Premotor Cortex“, *Brain* 119/1996, bls. 593–609; Giuseppe Di Pellegrino, Luciano Fadiga, Leonardo Fogassi, Vittorio Gallese, og Giacomo Rizzolatti, „Understanding Motor Events. A Neurophysiological Study“, *Experimental Brain Research* 91/1992, bls. 176–180.

<sup>21</sup> Vilayanur S. Ramachandran, „Mirror Neurons and Imitation Learning as the Driving Force Behind „the Great Leap Forward“ in Human Evolution“, 2009, myndband frá streymisveitunni Edge, transcript at [www.edge.org/3rd\\_culture/ramachandran/ramachandran\\_index.html](http://www.edge.org/3rd_culture/ramachandran/ramachandran_index.html).

X finnur sársauka með aðstoð spegilfrumanna; og X vill fjarlægja sársauka Y vegna þess að með því hverfur sársauki X. Samliðan sem er knúin áfram af spegilfrumum eyðir mörkunum á milli fólks, sársauki annarrar persónu verður þinn sársauki, eiginhagsmunir breytast í samkennd.<sup>22</sup> Slík kenning er mögulega smættunarhyggja í besta skilningi orðsins. Fyrirbæri sem er í senn torskilið og mikilvægt, væntumþykja okkar gagnvart öðrum, er útskýrð með hliðsjón af grundvallarkerfi innan sálfræðinnar – samliðan – sem er svo líka útskýrð með sérstöku kerfi í heilanum.

Jafn glæsileg og hrein kenning hefur vissulega margt við sig. En þó þarf að hafa í huga þá fullyrðingu Einsteins að: „Allt á að vera jafn einfalt og mögulegt er – en ekki einfaldara“.

Fyrst verður að hafa í huga að upphaflegar fullyrðingar um spegilfrumur voru verulega yfirdrifnar.<sup>23</sup> Spegilfrumur geta ekki náð yfir hæfileika eins og málgetu og flókna rökhugsun vegna þess að makakíapar sem eru með þessar frumur, nota ekki tungumál og hafa ekki flókna, félagslega dómgreind. Spegilfrumur eru ekki einu sinni fullnægjandi skýring á hermihvötinni, vegna þess að makakíapar herma ekki eftir öðrum makakíöpum. Spegilfrumur eru í öðrum hluta heilans en þeim svæðum sem eru viðriðin samliðan. Margir sálfræðingar og taugafraeðingar telja því að líklega hafi þær ekki félagslegt hlutverk yfirhöfuð heldur sé sérstaklega ætlað að ýta undir hreyfigetu – en þetta er þó líka umdeilt.

Þegar öllu er á botninn hvolft eru spegilfrumurnar sá partur kenningarinnar sem er minnst áhugaverður. Við höfum getu til samliðunar og sá hæfileiki kemur á einhvern hátt úr heila okkar – ef það er ekki með aðstoð spegilfruma þá er það eftir einhverjum öðrum leiðum. Áhugaverða spurningin snýr ekki að taugalífærafræði eða taugalífedlisfræði, heldur að hlutverki samliðunar í víðtækari kenningum siðferðissálfræðinnar.

<sup>22</sup> [Þýð.] Þetta gæti einnig verið lýsing á því sem taugafraeðingurinn Tania Singer hefur kallað samliðunarálág (e. *emphatic distress*). Guðrún Steinþórsdóttir útskýrir hugtakið í bók sinni *Rauveruleiki hugans er ævintýri* á þann hátt að samliðan geti þróast annað hvort í samkennd eða samliðunarálág. Um sé að ræða liðan sem geti verið afleiðing samliðunar þar sem einstaklingurinn geti yfirtekið neikvæðar tilfinningar og gert að sínum og orðið í kjölfarið kvíðinn og jafnvel félagslega vanhæfur. Sjá Guðrún Steinþórsdóttir, *Rauveruleiki hugans er ævintýri. Um valdar sögur Vígðísar Grímsdóttur, einkenni þeirra og viðtökur*, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2021, bls. 130–131.

<sup>23</sup> Gregory Hickok, „Eight Problems for the Mirror Neuron Theory of Action Understanding in Monkeys and Humans“, *Journal of Cognitive Neuroscience* 21/2009, bls. 1229–1243; Steven Pinker, *The Better Angels of Our Nature. Why Violence Has Declined*, New York: Viking, 2011; Alison Gopnik, „Cells That Read Minds? What the Myth of Mirror Neurons Gets Wrong About the Human Brain“, *Slate*, apríl 2007, [www.slate.com/articles/life/brains/2007/04/cells\\_that\\_read\\_minds.html](http://www.slate.com/articles/life/brains/2007/04/cells_that_read_minds.html).



Ég er of mikill aðlögunarsinni til þess að trúa því að eins þýðingarmikill hæfileiki og samlíðan sé furðulegt líffræðilegt slys. Að öllum líkindum gegnir hún hlutverki og það sem helst kemur til greina er að hún hvetji okkur til þess að þykja vænt hvert um annað. Hungur knýr okkur til að leita matar, losti hvetur til kynferðislegrar hegðunar, reiði leiðir til árásargirni þegar við stöndum frammi fyrir einhvers konar ógn – og samlíðan er til staðar til að hvetja til samkenndar og óeigingirni.<sup>24</sup>

Samt sem áður eru tengslin á milli samlíðunar (í þeim skilningi að spegla tilfinningar annarra) og samkennd (í þeim skilningi að finna fyrir væntumþykju og sýna hana) flóknari en margur heldur.<sup>25</sup>

Í fyrsta lagi, getur samlíðan vissulega verið sjálfvirk og ómeðvituð – grátandi manneskja getur haft áhrif á líðan þína jafnvel þó að þú sért þér ekki meðvitaður um að það sé að gerast og myndir fremur kjósa að hún hefði ekki áhrif – en það breytir því ekki að við ráðum því oft hvort við höfum samlíðan með annarri manneskju. Ég heyrir kannski af pyntingum sem pólitískur fangi verður fyrir og get með aðstoð viljans ímyndað mér (í óendanlega minni mæli að sjálfsgöðu) hvernig sé að vera hann. Ég get horft á einhverja konu á sviði taka á móti verðlaunum og valið að finna taugaveiklun hennar og stolt. Þegar samlíðan er til staðar getur hún því verið afrakstur siðferðilegs vals, fremur en tilefni þess.

Samlíðan er einnig mótuð af því sem manni finnst um hina manneskjuna.<sup>26</sup> Í einni rannsókn áttu karlkyns þátttakendur að taka þátt í viðskiptum við ókunnugan einstakling og hann annað hvort umbunaði eða svindlaði á þeim. Síðan horfðu þeir á ókunnuga einstaklinginn fá milt raflost. Þegar sá ókunnugi var góðviljaður og fékk raflost þá sýndu þátttakendur taugaviðbrögð í samræmi við samlíðan – það sem þeir sáu lýsti upp sama hluta af heila þeirra og ef þeir sjálfir hefðu fengið raflost. En þegar sá ókunnugi var illgjarn og fékk raflost, þá var ekki að finna neina samlíðan; sá hluti af heilanum sem er tengdur við verðlaun og ánægju lýstist upp í staðinn. (Konur fóru aftur á móti síður í manngreinarálit eða voru einfaldlega vinsamlegri, þær sýndu samlíðunarviðbrögð óháð því hvernig sá ókunnugi hafði komið fram).

<sup>24</sup> Sjá frekari umræðu hjá C. Daniel Batson, *Altruism in Humans*, New York: Oxford University Press, 2011. Sjá nánar um samlíðan og samkennd frá þróunarsjónarmiði hjá Martin Hoffman, *Empathy and Moral Development*.

<sup>25</sup> Sjá einnig Jesse Prinz, „Is Empathy Necessary for Morality?“, *Empathy: Philosophical and Psychological Perspectives*, ritstjórar Amy Coplan og Peter Goldie, New York: Oxford University Press, 2010.

<sup>26</sup> Tania Singer, Ben Seymour, John P. O’Doherty, Klaas E. Stephan, Raymond J. Dolan, og Chris D. Frith, „Empathic Neural Responses Are Modulated by the Perceived Fairness of Others“, *Nature* 439/2006, bls. 466–469.

Í öðru lagi er ekki þörf á samlíðan til þess að kveikja á samkennd. Til að skilja þetta skaltu íhuga dæmi frá heimspekingnum Peter Singer um gjörð sem er augljóslega góð.<sup>27</sup> Þú ert að ganga framhjá stöðuvatni og sérð lítið barn berjast um í vatninu. Vatnið er aðeins nokkurra feta djúpt en stúlkan er að drukkna. Foreldra hennar er hvergi að sjá. Ef þú ert eins og flestir þá myndir þú vaða út í vatnið og draga barnið upp úr, jafnvel þótt þú eyðilegðir skóna þína í leiðinni. (Heimspekingar virðast vera hrifnir af dæmum með drukknandi börnum: fyrir um það bil tvö þúsund árum skrifaði kínverski fræðimaðurinn Mencius: „Enginn maður er það hjartasnaður að vera sama um þjáningar annarra ... Gerum ráð fyrir því að einhver sæi skyndilega ungt barn sem væri við það að falla niður í brunn. Hann myndi svo sannarlega vera snortinn af samkennd.“)<sup>28</sup>

Það er vissulega mögulegt að samlíðan geti leitt til samkenndar og svo til viðbragða. Þú sérð að stúlkan er dauðhrædd og sýpur hveljur. Þér líður eins og henni, þú vilt losna við þína eigin drukknunarupplifun og það hvetur þig til þess að hjarga henni. En þetta er ekki það sem gerist venjulega. Að öllum líkindum myndir þú stökkva út í án þess að lifa þig inn í skelfinguna sem felst í því að þú sért að drukkna. Líkt og sálfræðingurinn Steven Pinker bendir á: „Ef geltandi hundur hræðir barn sem orgar af skelfingu, þá væru viðbrögð mín ekki að orga af skelfingu með henni heldur að hugga hana og vernda.“<sup>29</sup>

Í þriðja lagi getur maður upplifað samlíðan án samkenndar, rétt eins og maður getur fundið fyrir samkennd án þess að finna fyrir samlíðan. Maður gæti fundið sársauka manneskjunnar og langað til þess að hætta að finna hann, en ákveðið að leysa vandamálið með því að skapa fjarlægð á milli sín og þessarar manneskju í stað þess að lina þjáningar hennar. Þú gætir ákveðið að ganga framhjá vatninu. Taka má dæmi úr raunheimum en heimspekingurinn Jonathan Glover segir frá viðbrögðum konu sem bjó nálægt dauðabúðum nasista í Þýskalandi og bar þess vitni að það tæki fanga marga klukkutíma að deyja eftir að þeir voru skotnir.<sup>30</sup> Henni var svo brugðið að hún skrifaði bréf: „Oft er maður neyddur til þess að upplifa slíka svívirðingu. Ég er veik fyrir og slík sýn reynir svo mikið á taugarnar mínar að ég get ekki þolað þetta til langtíma. Ég krefst þess að látið verði af slíkum ómannúðlegum verkum eða þá að þau verði framin þar sem enginn sér þau.“

<sup>27</sup> Peter Singer, „Famine, Affluence, and Morality“, *Philosophy and Public Affairs* 1/1972, bls. 229–243.

<sup>28</sup> Tilvitnun sótt í Stephen Darwall, „Empathy, Sympathy, Care“, *Philosophical Studies* 89/1998, bls. 261–282.

<sup>29</sup> Steven Pinker, *Better Angels*, bls. 576.

<sup>30</sup> Jonathan Glover, *Humanity: A Moral History of the Twentieth Century*, New Haven: Yale University Press, 2000, bls. 379–380.

Hún fann fyrir nægilegri samlíðan til þess að það særði hana að sjá fólkið myrt. Og hún var ekki algjörlega ónæg fyrir villimennsku þessara gjörða þar sem hún lýsir þeim sem „svívirðu“ og „ómánnúðlegum verkum“. En þrátt fyrir það gat hún lifað með því að þessi morð ættu sér stað svo lengi sem þau yrðu framin þar sem ekki sæist til. Þetta er öfgafullt dæmi en ætti ekki að vera svo óskiljanlegt í huga okkar. Jafnvel fólk sem er að öðru leyti gott snýr sér undan þegar það stendur augliti til auglitis við þjáningu og sársauka í framandi löndum, eða þegar það gengur fram hjá heimilislausum einstaklingi á götum borgarinnar.

Í öðrum tilfellum finnur þú fyrir sársauka annarrar manneskju og samlíðanin er í fullri virkni en í staðinn fyrir að um sé að ræða samkennd þá finnur þú fyrir tilfinningu sem á sér ekkert eitt heiti á ensku en fullkomið orð á þýsku: *shadenfreude* (þórðargleði eða skaðagleði). Maður nýtur þjáningar annarra og vill að þær haldi áfram eða verði verri. Sadismi er öfgafullt dæmi um þetta en þórðargleði er í einhverjum mæli eðlileg. Ég gæti fundið til fögnuðar yfir þeirri hugsun að keppinautur minn fái makleg málagjöld, ímyndað mér hvernig honum líði og notið reynslunnar.

Hingað til hef ég talað um það hvernig samlíðan og samkennd eru ólík. Auk þess er það augljóst að samkennd er ekki það sama og siðferði. Ímyndaðu þér glæpamann sem grátbiður lögreglumann að sleppa sér lausum. Lögreglumaðurinn gæti fundið til samkenndar en ætti ekki að láta undan, því honum ber að fylgja öðrum siðferðisreglum. Tilþrifaminna dæmi væri nemandi sem er að falla í námskeiði sem kemur til fundar við mig og sárþænir um betri einkunn. Ég gæti fundið til samkenndar í garð nemandans en það væri ekki réttlátt gagnvart öðrum í bekknum að fara að ósk hans.

Við getum öðru hvoru séð áreksturinn á milli samkenndar og siðferðis í rannsóknarstofunni. Tilraunir sálfræðingsins C. Daniel Batson og féлага hans sýna fram á að þegar menn eru beðnir um að tileinka sér sjónarhorn annars einstaklings þá eru þeir líklegri til að hafa meiri mætur á honum en öðrum.<sup>31</sup> Til dæmis eru þeir líklegri til að færa þjáða stúlku fram fyrir alla aðra á biðlista þegar um er að ræða aðgerð er varðar spurningar um líf eða dauða. Það ber vott um samkennd en er ekki siðferðilegt vegna þess að slíkar ákvarðanir ættu að byggja á hlutlausu og sanngjörnu mati, en ekki því hver vekur sterkustu tilfinningaviðbrögðin. Þess vegna má segja að hluti af því að vera góð manneskja feli í sér það að hunsast samkennd sína, en ekki að rækta hana.

<sup>31</sup> C. Daniel Batson, Tricia R. Klein, Lori Highberger og Laura L. Shaw, „Immortality from Empathy-Induced Altruism. When Compassion and Justice Conflict“, *Journal of Personality and Social Psychology* 68/1995, bls. 1042–1054.

Jafnvel þó að samkennd megi ekki leggja að jöfnu við siðferði og stangist stundum á við það, er hún samt sem áður nauðsynleg. Það væri ekkert siðferði ef okkur þætti ekki vænt um aðra.

Frá fyrstu augnablikum lífs okkar tengjumst við öðrum. Ekkert barn er eyland. Jafnvel nýburar bregðast við svipbrigðum fólks.<sup>32</sup> Ef rannsakandi rekur út úr sér tunguna í átt að barni, þá hefur barnið tilhneigingu til þess að svara í sömu mynt. En vegna þess að barnið hefur aldrei litið í spegil, þá hlýtur það ósjálfrátt að vita að tunga fullorðinnar manneskju samsvarar hlutnum í þess eigin munni sem það hefur aldrei séð. Þessi hermihvöt gæti verið til staðar til þess að skapa tengsl á milli barnsins og fullorðna fólksins í nánasta umhverfi þess svo að tilfinningar þeirra vefjist saman. Svo sannarlega spegla foreldrar og börn oft ómeðvitað svipbrigði hvers annars.<sup>33</sup>

Börn bregðast einnig við sársauka annarra. Munið hvernig ungi William Darwin sýndi „hluttekningu“ sex mánaða gamall og setti upp „dapurlegan svip“ þegar barnfóstran þóttist gráta. Jafnvel nokkrum dögum eftir fæðingu finnst börnum óþægilegt að heyra grát og þau hafa tilhneigingu til að fara að gráta sjálf.<sup>34</sup> Þetta eru ekki fávís viðbrögð við hávaða. Börn gráta meira þegar þau heyra grát annars barns heldur en þeirra eigin og þau gráta ekki jafn mikið og þegar þau heyra tölvugerð hljóð í sama hljóðstyrk eða þegar þau heyra grát úr ungum simpansa.<sup>35</sup> Öðrum dýrum finnst það einnig óþægilegt þegar aðrir úr tegund þeirra þjást. Svangir rhesusapar forðast það að toga í handfang til að fá mat, ef það verður til þess að aðrir apar fá í sig sársaukafullt raflost.<sup>36</sup> Rottur munu ýta niður stöng til þess að lækka aðra rottu sem hangir uppi í loftinu eða til þess að losa rottu sem er föst í tanki fullum af vatni.<sup>37</sup> Og líkt og apar þá hætta

<sup>32</sup> Andrew N. Meltzoff og M. Keith Moore, „Imitations of Facial and Manual Gestures by Human Neonates“, *Science* 198/1977, bls. 75–78.

<sup>33</sup> Colwyn Trevarthen, „The Concept and Foundations of Infant Intersubjectivity“, *Intersubjective Communication and Emotion in Early Ontogeny*, ritstjóri Stein Bråten, New York: Cambridge University Press, 1998, bls. 15–46.

<sup>34</sup> George A. Sagi og Martin L. Hoffman, „Empathic Distress in the Newborn“, *Developmental Psychology* 12/1976, bls. 175–176.

<sup>35</sup> Grace B. Martin og Russell D. Clark, „Distress Crying in Infants. Species and Peer Specificity“, *Developmental Psychology* 18/1982, bls. 3–9; Marco Dondi, Francesca Simion og Giovanna Caltran, „Can Newborns Discriminate Between Their Own Cry and the Cry of Another Newborn Infant?“, *Developmental Psychology* 35/1999, bls. 418–426.

<sup>36</sup> Stanley Wechkin, Jules H. Masserman, og William Terris Jr., „Shock to a Conspecific as an Aversive Stimulus“, *Psychonomic Science* 1/1964, bls. 47–48; Jules H. Masserman, Stanley Wechkin og William Terris, „‘Altruistic’ Behavior in Rhesus Monkeys“, *American Journal of Psychiatry* 121/1964, bls. 584–585.

<sup>37</sup> George E. Rice og Priscilla Gainer, „Altruism“ in the Albino Rat“, *Journal of Comparative*

þær að ýta á takka sem færir þeim mat ef slíkar gjörðir reynast meiða aðra rottu.

Slík hegðun gæti verið til marks um samkennd. En kaldranalegri skýring er sú að apar og rottur – og kannski einnig menn – hafi þróast á þann hátt að þeim finnist kvöl annarra óþægileg, án þess að þeim þyki einlæglega vænt um einstaklingana sem eru að þjáast. Þeir upplifa kannski samlíðan en ekki samkennd.

Þó má ekki neita því að þegar við fylgjumst með ungabörnum hegða sér sjáum við sitthvað meira. Þau snúa ekki einfaldlega baki við manneskjunni sem þjáist. Þau reyna að láta manneskjunni líða betur. Þroskasálfræðingar hafa um tíma tekið eftir því að eins árs gömul börn klappa og strjúka öðrum sem eru í uppnámi.<sup>38</sup> Sálfræðingurinn Carolyn Zahn-Waxler og samstarfsmenn hennar hafa komist að því að þegar ung börn sjá fólkíð í kringum þau hegða sér líkt og það upplifi sársauka (líkt og móðir barns sem rekur hné sitt í eða rannsakandi sem festir fingur sinn í klemmuspjald) bregðast þau við með því að hugga.<sup>39</sup> Stúlkur eru líklegri til þess að hugga en drengir<sup>40</sup> en það er stutt með fleiri rannsóknnum sem gefa til kynna að konur hafi almennt meiri samlíðunar- og samkenndargetu.<sup>41</sup> Og þú getur séð svipaða hegðun hjá öðrum primötum.<sup>42</sup> Samkvæmt fremdardýrafræðingnum (e. *primatologist*) Frans de Wal, þá mun simpansi, ólíkt apaketti, halda utan um þolandann og strjúka honum eða snyrta.

Engu að síður er viðleitni kornabarna og smábarna til þess að hugga langt í frá fullkomin. Hún er ekki jafn algeng og hún gæti verið – smábörn hugga minna en eldri börn sem hugga minna en fullorðið fólk. Og smábörn bregðast stundum við sársauka annarra með því að komast í uppnám og hugga sig sjálf en ekki einstaklinginn sem þjáist. Sársauki sem sprettur úr samlíðan er óþægilegur og stundum eru þessi óþægindi yfirþyrmandi. Slíkt á líka við um rottur. Í einni rannsókn þar sem rottur fengu tækifæri til að ýta á handfang til þess að koma í veg fyrir að önnur rotta fengi í sig sársaukafullt raflost þá ýttu margar rotturnar ekki á handfangið heldur „hörfuðu til baka út í hornið á búrinu lengst frá

---

*and Physiological Psychology* 55/1962, bls. 123–125; George E. Rice, Jr., „Aiding Behavior vs. Fear in the Albino Rat“, *Psychological Record* 14/1964, bls. 165–170.

<sup>38</sup> Sjá nánar Martin L. Hoffman, *Empathy and Moral Development*.

<sup>39</sup> Carolyn Zahn-Waxler, JoAnn L. Robinson og Robert N. Emde, „The Development of Empathy in Twins“, *Developmental Psychology* 28/1992, bls. 1038–1047; Carolyn Zahn-Waxler, Marian Radke-Yarrow, Elizabeth Wagner og M. Chapman, „Development of Concern for Others“, *Developmental Psychology* 28/1992, bls. 126–136.

<sup>40</sup> Zahn-Waxler, Robinson og Emde, „Development of Empathy in Twins“.

<sup>41</sup> Nancy Eisenberg og Randy Lennon, „Sex Differences in Empathy and Related Capacities“, *Psychological Bulletin* 94/1983, bls. 100–131.

<sup>42</sup> Frans de Waal, *The Ape and the Sushi Master: Cultural Reflections of a Primatologist*, New York: Basic Books, 2001.

þjáningarfullu, tístandi og iðandi dýrinu og hnipruðu sig þar saman, hreyfingarlausar.<sup>443</sup>

Smábörn bregðast líka stundum við sársauka annarra á sjálfhverfan hátt sem merkir að hegðun þeirra endurspeglar hvernig þau sjálf myndu vilja að komið væri fram við þau.<sup>44</sup> Sálfræðingurinn Martin Hoffman lýsti til dæmis því þegar fjórtán mánaða gamalt barn kom með grátandi vin til sinnar eigin móður en ekki til móður vinar síns. Hoffman færir rök fyrir því að þessi ruglingur komi til vegna þess að börn hafi ekki þróað með sér þá vitsmunalegu glöggskyggni sem þarf til þess að horfa frá sjónarhorni annarra. En í raun og veru getur fólk á öllum aldri verið sjálfhverft þegar það bregst við uppnámi annarra. Um daginn sat ég við hlið konu minnar á veitingastað og hún minntist á það hversu þyrst hún væri. Kurteislega rétti ég henni bjórin minn. Hún horfði á mig. Eftir augnablik áttaði ég mig. Hún hatar bjór. *Mér* líkar bjór.

Önnur birtingarmynd samkenndar sem birtist hjá smábörnum varðar hjálp. Á síðustu áratugum hafa birst margar frásagnir og rannsóknir sem varpa ljósi á viljann til að aðstoða án utanaðkomandi krafna.<sup>45</sup> Árið 1942 sagði rannsakandi um son sinn: „Hann er orðinn mjög hugulsamur. Þegar ég kom inn í morgun, sagði hann, „pabbi þarf inniskó“, og hljóp til að ná í þá.“<sup>46</sup> Árið 1966 skrifaði sálfræðingur að sú átján mánaða „ynni við hlið hans í garðinum og hefði tekið að nota hrífu eða skóflu fremur vel ... Í húsinu hjálpar hún við að ýta ryksugunni eða moppa ... [og] gerir ráð fyrir þörfum pabba þegar hann klæðir sig og kveikir eld í arninum.“<sup>47</sup> Og annar sálfræðingur sem starfaði á fyrri hluta níunda áratugarins lýsti því hvernig hún breytti rannsóknarstofu sinni í sóðalegt heimili, það átti eftir að leggja á borð, búa um rúmið, bækur og spil lágu á gólfinu og það þurftu að brjóta saman þvott, og svo framvegis.<sup>48</sup> Flest börnin sem heimsóttu rannsóknarstofuna (þau voru á milli átján og þrjátíu mánaða gömul) voru mjög

<sup>43</sup> George E. Rice Jr., „Aiding Behavior vs. Fear“, bls. 167. Fyrir frekari umræðu sjá Stephanie D. Preston og Frans B. M. de Waal, „Empathy. Its Ultimate and Proximate Bases“, *Behavioral and Brain Sciences* 25/2002, bls. 1–71.

<sup>44</sup> Martin L. Hoffman, *Empathy and Moral Development*.

<sup>45</sup> Sjá nánar Dale F. Hay, „The Roots and Branches of Human Altruism“, *British Journal of Psychology* 100/2009, bls. 473–479.

<sup>46</sup> Charles Wilfred Valentine, *The Psychology of Early Childhood*, London: Methuen, 1942, bls. 321.

<sup>47</sup> Joseph Church, ritstjóri, *Three Babies. Biographies of Cognitive Development*, New York: Random House, 1966, bls. 71–72.

<sup>48</sup> Harriet L. Rheingold, „Little Children’s Participation in the Work of Adults, a Nascent Prosocial Behavior“, *Child Development* 53/1982, bls. 114–125.

spennt að hjálpa henni að taka til og sögðu eitthvað á þessa leið: „Ég skal hjálpa þér, ég skal halda á litlu ljósaperunni.“

Nýlegri sálfræðirannsóknir sýna, líkt og nefnt var í síðasta kafla, að smábörn aðstoða fullorðna við að ná í hlut sem er utan seilingar og opna hurð fyrir þá ef þeir eru með fangið fullt.<sup>49</sup> Smábörnin gera þetta án hvatningar frá fullorðna fólkinu, meira að segja án augnsambands. Slík hegðun er aðdáunarverð, vegna þess að það að hjálpa líkt og að hugga, krefst ákveðinnar færni. Smábarnið þarf að átta sig á því að eitthvað sé að, það þarf að skilja hvað þurfi að gera til að laga, og það þarf að sýna nægan áhuga eða löngun til þess að leggja það á sig að hjálpa.<sup>50</sup>

Nú mun efahyggjumaður benda á að við vitum ekki hvers vegna hjálpin á sér stað. Þegar öllu er á botninn hvolft hjálpa fullorðnir oft án þess að það sé samkennd sem hvetji þá til þess. Einhver skjögrar með fangið fullt af bókum í átt að lokuðum dyrum og þú stekkur upp til þess að opna áður en hann segir eitthvað. Kveikjan að hegðuninni gæti verið ávani fremur en góðmennska, líkt og þegar maður segir ósjálfrátt „guð hjálpi þér“ þegar einhver hnerrar. Eða kannski hafa smábörn gaman af því að hjálpa án þess að þykja vænt um þann sem er hjálpað. Ef fullorðinn teygir sig í eitthvað sem hann nær ekki í og smábarnið réttir hlutinn þá gætu verðlaunin verið ánægjublossinn sem þau finna þegar búið er að leysa vandamálið. Eða kannski er hjálpsemi barnsins ekki bundin hamingju fullorðna fólksins heldur velþóknun þeirra. Þegar börnin reyna að aðstoða þá finnst okkur þau vera dásamleg.<sup>51</sup> Kannski það sé aðalatriðið, að hjálp þeirra sé aðlögunaratferli sem sé hannað til þess að vekja upp kærleika hjá þeim sem annast þau, sambærilegt við líkamlegan þokka þeirra, stóru augun og bollulegar kinnar.

En vísindamenn hafa vísbendingar sem benda til þess að hvatningin til þess að hjálpa felist – að minnsta kosti hjá eldri börnum – í raun og veru í ósvikinni væntumþykju gagnvart öðrum. Samstarfsmenn mínir, Alia Martin og Kristina Olson, gerðu rannsókn þar sem fullorðinn einstaklingur lék sér við þriggja ára

<sup>49</sup> Feliz Warneken og Michael Tomasello, „Altruistic Helping in Human Infants and Young Chimpanzees“, *Science* 311/2006, bls. 1301–1303; Feliz Warneken og Michael Tomasello, „Helping and Cooperation at 14 Months of Age“, *Infancy* 11/2007, bls. 271–294. Sjá nánar Michael Tomasello, *Why We Cooperate*, Cambridge, MA: MIT Press, 2009.

<sup>50</sup> Kristen A. Dunfield, Valerie A. Kuhlmeier, Laura O’Connell, og Elizabeth Kelley, „Examining the Diversity of Prosocial Behavior: Helping, Sharing, and Comforting in Infancy“, *Infancy* 16/2011, bls. 227–247.

<sup>51</sup> Karen Wynn, „Constraints on Natural Altruism“, *British Journal of Psychology* 100/2009, bls. 481–485.

barn og það það um að rétta sér ákveðna hluti fyrir viss verkefni.<sup>52</sup> Til dæmis hafði sá fullorðni konnu af vatni við hlið sér og spurði barnið, „getur þú rétt mér bollann svo ég geti hellt vatninu í hann?“ Þegar hluturinn sem óskað var eftir var viðeigandi – til dæmis óbrotinn bolli – þá réttu börnin yfirleitt hlutinn. En stundum var hluturinn sem beðið var um ekki hentugur fyrir verkefnið, svo sem bolli sem var með sprungu. Martin og Olson komust að því að börnin hunsuðu oft umbeðna hlutinn og fóru og náðu í þann sem var æskilegur, svo sem óbrotinn bolla sem var annars staðar í herberginu. Svo að börnin voru ekki bara hugsunarlaust að hlíta fyrir mælum fullorðna fólksins; þau vildu í raun og veru aðstoða við að vinna verkefnið.

Ef hjálpsemi barnanna stýrist auk þess raunverulega af hagsmunum annarra, þá ættu þau að vanda vel hverja þau aðstoða. Sálfræðingurinn Amrisha Vaish og samstarfsfélagar hennar komust að því að þriggja ára börn voru líklegri til að hjálpa einhverjum sem hafði áður hjálpað öðrum og minna líkleg til að aðstoða einhvern ef sá hafði verið grimmur við aðra manneskju.<sup>53</sup> Sálfræðingarnir Kristen Dunfield og Valerie Kuhlmeier fengu svipaðar niðurstöður þegar þær rannsökuðu tuttugu og eins mánaða gömul börn.<sup>54</sup> Smábörnin sátu beint á móti tveimur rannsakendum sem hvor um sig hélt á leikfangi og gáfu til kynna að barnið gæti fengið. Hvorugt leikfangið náði þó til barnsins vegna þess að einn rannsakandinn var að stríða og neitaði að afhenda það á meðan hinn reyndi að gefa barninu það en missti það. Síðar þegar smábörnin fengu sitt eigið leikfang og áttu að rétta rannsakendum það, höfðu þau tilhneigingu til að afhenda leikfangið þeim sem hafði lagt sig fram, en ekki hinum sem stríddi þeim.

Það að deila einhverju er frekari vitnisburður um samkennd og óeigingirni. Börn byrja ósjálfrátt að deila með öðrum á seinni hluta fyrsta árs lífs síns og tíðnin rýkur upp á árinu sem fylgir.<sup>55</sup> Þau deila með fjölskyldu og vinum, en varla

<sup>52</sup> Alia Martin og Kristina R. Olson, „When Kids Know Better: Paternalistic Helping in 3-Year-Old Children“, *Developmental Psychology* 49/11, 2013.

<sup>53</sup> Amrisha Vaish, Malinda Carpenter og Michael Tomasello, „Young Children Selectively Avoid Helping People with Harmful Intentions“, *Child Development* 81/2010, bls. 1661–1669.

<sup>54</sup> Kristen A. Dunfield og Valerie A. Kuhlmeier, „Intention-Mediated Selective Helping in Infancy“, *Psychological Science* 21/2010, bls. 523–527.

<sup>55</sup> Harriet L. Rheingold, Dale F. Hay og Meredith J. West, „Sharing in the Second Year of Life“, *Child Development* 47/1976, bls. 1148–1158; Dale F. Hay, „Cooperative Interactions and Sharing Between Very Young Children and Their Parents“, *Developmental Psychology* 6/1979, bls. 647–658; Dale F. Hay og Patricia Murray, „Giving and Requesting: Social Facilitation of Infants' Offers to Adults“, *Infant Behavior and Development* 5/1982, bls. 301–



nokkru með ókunnugum. Sumir vísindamenn og sumir foreldrar hafa áhyggjur af því að börnin deili ekki nógu miklu og varpa fram þeim spurningum hvort það endurspegli siðferðilegan vanþroska af barnanna hálfu. En það er hugsanlega ósanngjörn niðurstaða. Er það nokkuð svo ósvipað því að fullorðinn einstaklingur sé hikandi við að rétta ókunnugum einstaklingi bíllyklana sína að tveggja ára barn í rannsóknarstofu sálfræðings upplifi óþægindi við að rétta leikföngin sín barni sem það er nýbúið að kynnst?

Af þessum sökum kemur það ekki á óvart að rannsóknir sem skoða vilja ungra barna til þess að deila sýni ekki skýrar niðurstöður. Sálfræðingurinn Celia Brownell og samstarfsfélagar hennar aðlöguðu tilraunaaðferð (e. *experimental method*) sem upphaflega var hönnuð til að kanna óeigingirni í simpönsum og staðsettu barnið á milli tveggja handfanga og gáfu því val um að toga í annað hvort þeirra.<sup>56</sup> Ef barnið togaði í annað handfangið fékk það nammi og rannsakandinn sem sat á móti því fékk einnig nammi. Ef það togaði í hitt handfangið fékk barnið eitt nammi en manneskjan sem sat á móti fékk ekki neitt. Þegar viðtakandinn hinum megin var hljóður, tosuðu bæði átján mánaða og tuttugu og fimm mánaða börnin í handfangið af handahófi en gerðu enga tilraun til þess að gefa fullorðnu manneskjunni nammið. Þegar rannsakandinn sagði: „Mér finnst keX gott. Mig langar í keX“, þá hjálpuðu þau sem voru tuttugu og fimm mánaða en yngri börnin sýndu áfram handahófskennda hegðun.

Í grein sinni lögðu rannsakendur áherslu á björtu hliðarnar: tveggja ára börn „deila sjálfviljug mikilsmetnum verðmætum með einstaklingum sem eru ekki skyldir þeim, þegar það hefur engan kostnað í för með sér að gera það.“ Þetta er vissulega aðdáunarvert, en mér finnst forvitnilegt að hvorugur hópur barnanna skildi deila nokkru án þess að vera hvattur til þess, jafnvel í aðstæðum þar sem börnin höfðu engu að tapa. Mín ágiskun er sú að það sé vegna þess að ókunnugur fullorðinn einstaklingur sat hinum megin við borðið. Ef þetta hefðu til að mynda verið foreldrar þeirra eða afar og ömmur þá hefðu börnin verið mun vinsamlegri.

Vert er að leggja áherslu á þetta síðasta atriði og við munum koma ítrekað aftur að því það sem eftir er bókarinnar. Fyrir fjögurra ára aldur sýna börn litla ósjálfráða góðvild þegar kemur að ókunnugu fullorðnu fólki. Það er vissulega rétt að sumar rannsóknirnar sem við höfum rætt, til dæmis þær sem snúast um hjálpsemi, vitna um vinsamlega hegðun í garð fullorðinna sem eru hvorki vinir

310; Harriet Rheingold, Dale Hay og Meredith West, „Sharing in the Second Year“.

<sup>56</sup> Celia A. Brownell, Margarita Svetlova og Sara Nichols, „To Share or Not to Share. When Do Toddlers Respond to Another’s Needs?“, *Infancy* 14/2009, bls. 117–130, tilvitnun frá bls. 125.

né fjölskylda, en hafið í huga að fullorðna fólkið í rannsóknunum er í raun og veru ekki svo ókunnugt. Áður en hin dæmigerða rannsókn byrjar, þá á barnið (ásamt móður sinni eða föður) í samskiptum við fullorðinn rannsakandann. Þetta er hluti af „upphitunartíma“ þar sem þau eiga í vinsamlegum, gagnkvæmum athöfnum líkt og að rúlla bolta fram og til baka. Þetta gerir gæfumuninn. Sálfræðingarnir Rodolfo Cortez Barragan og Carol Dweck hafa komist að því að ef þú átt ekki í slíkum gagnkvæmum samskiptum – heldur afmarkar þau við vingjarnlega kveðju frá fullorðna einstaklingnum og hlýlegt þakklæti fyrir þátttökuna – þá lækkar hjálpsemin af hálfu barnsins um helming.<sup>57</sup> Ég er viss um að ef það væru engin jákvæð samskipti áður – ef fullorðna manneskjan væri raunverulega ókunnug á því augnabliki sem hana vantaði hjálp – þá myndi barnið sýna litla eða enga ósjálfráða góðvild.

Hingað til höfum við kannað viðbrögð fólks og hegðun þess gagnvart öðrum. En siðferðisverur leggja líka dóm á eigin gjörðir. Við erum stolt af okkar góðu verkum og fyllumst sektar yfir þeim slæmu; og þessar siðferðilegu tilfinningar hjálpa okkur að ákveða hvað við ættum og ættum ekki að gera í framtíðinni. Í tilviki fullorðinna hafa sálfræðingar að minnsta kosti uppgötvað náíð samband á milli þess að dæma aðra og dæma okkur sjálf.<sup>58</sup> Ef þú hefur tilhneigingu til þess að hafa samúð með öðrum þá ertu einnig líklegur til þess að fá sektarkennd fyrir það að skaða hann eða hana. Ef þú ert ein af þeim manneskjum sem hafa sterka samlíðunarkennd þá ertu líklegri til þess að hafa ríkari sektartilhneigingu.

Erfitt er að rannsaka sjálfsmat barna og við vitum lítið um þróun þess. Það er nægilega auðvelt að búa til aðstæður þar sem við sýnum börnum góðan náunga og vondan náunga og rannsökum hvernig þau bregðast við þessum persónum. Það er erfiðara (þó kannski ekki ómögulegt) að skapa aðstæður þar sem við getum fengið börnin sjálf til að hegða sér á ólíkan hátt og skoða viðbrögðin við þeirra eigin góðmennsku og slæmri hegðun.

Þrátt fyrir það getum við snemma séð merki um að sjálfsmat eigi sér stað. Börn og smábörn sýna oft merki um að þau séu stolt líkt og sjá má af sögunni af fögnuði Williams þegar hann gaf litlu systur sinni piparkökuna. Og sektarkennd má einnig finna. Börn á fyrsta æviári sýna merki um vanlíðan þegar þau meidda

<sup>57</sup> Rodolfo Cortez Barragan og Carol Dweck, „Young Children’s „Helpfulness“. How Natural Is It?“, óbirt handrit, Stanford University, 2013.

<sup>58</sup> Roy F. Baumeister, Arlene M. Stillwell og Todd F. Heatherton, „Guilt. An Interpersonal Approach“, *Psychological Bulletin* 115/1994, bls. 243–267. Sjá frekari umræðu hjá Steven Pinker, *Better Angels*.

aðra og slíkt verður tíðara eftir því sem þau eldast.<sup>59</sup>

Árið 1935 greindi sálfræðingurinn Charlotte Buhler frá snjallri tilraun um það hvernig sektarkennd er kölluð fram í börnum.<sup>60</sup> Fullorðnum einstaklingi og barni var komið fyrir í herbergi og sá fullorðni bannaði barninu að snerta leikfang sem var handan seilingar. Svo brá sá fullorðni sér frá og yfirgaf herbergið eitt augnablik. Rannsakendur komust að því að öll eins árs og tveggja ára gömul börn „skildu það þannig að bannið ætti ekki lengur við á því augnabliki er sambandið við hinn fullorðna rofnaði, og þau léku sér við leikfangið“. En þegar hinn fullorðni snýr svo skyndilega til baka verða 60 prósent af sextán mánaða gömlu börnunum og 100 prósent af átján mánaða gömlu börnunum „verulega vandræðaleg, þau roðna og snúa sér skelfingu lostin að hinum fullorðna.“ Tuttugu og eins mánaða börn „gerðu tilraunir til að bæta aðstæðurnar með því að skila leikfanginu skyndilega á sinn stað.“ Hræðslan sem börnin sýndu gæti hafa verið án siðferðilegrar þyngdar en vandræðagangurinn – roðinn! – sýnir að eitthvað annað var einnig á ferðinni. Slíkum ósjálfráðum birtingarmyndum sektarkenndar var skipt út fyrir afdráttarlausa siðferðilega sjálfsréttlætingu þegar börnin voru eldri: tveggja ára börnin í rannsókninni gerðu tilraunir til að „réttlæta [...] óhlýðnina, til dæmis með því að fullyrða að þau ættu sjálf leikfangið.“

Líkt og við höfum séð bera börn næmt skynbragð á góðar og slæmar gjörðir annarra löngu áður en þau eru fær um að hegða sér á góðan eða slæman hátt sjálf. Það virðist því líklegt að „siðgæðisvitundin“ snúi í upphafi að öðrum og beinist síðar inn á við, með auknum þroska. Á þessum tímapunkti fara börn að sjá sig sem boðunarmenn siðferðis og slík kennsl koma fram þegar þau finna fyrir sektarkennd, skömm og stolti.

Við höfum séð að það eru ákveðnar takmarkanir á samlíðunar- og samkenndargetu barna, en þetta ætti ekki að leiða huga okkar frá því hversu aðdáunarvert það er að upplifa slíka siðgæðishegðun og slíkar siðferðiskenndir í svo ungum verum. Samuel Johnson orðar þetta best (í allt öðru samhengi): „Þetta líkist hundi sem gengur á afturfótunum. Það er ekki vel gert; en það kemur þér á óvart að það sé yfirleitt hægt.“

En eðlislæg samúð okkar ætti ekki að hafa komið Darwin á óvart eða mörgum af þeim vísindamönnum, heimspekingum og guðfræðingum sem voru fyrirrennarar hans. Þetta var niðurstaðan sem ein af hetjum þessarar bókar lýsti

<sup>59</sup> Sjá nánar Martin L. Hoffman, *Empathy and Moral Development*.

<sup>60</sup> Charlotte Buhler, *From Birth to Maturity. An Outline of the Psychological Development of the Child*, London: Kegan Paul, 1935, bls. 66–67, tilvitnun sótt í Peter Hobson, *The Cradle of Thought. Exploring the Origins of Thinking*, London: Macmillan, 2002.

svo fjálglega. Adam Smith er best þekktur fyrir verk sitt frá 1776, *Audlegð þjóðanna* [e. *The Wealth of Nations*] þar sem færð eru rök fyrir því að velmegun geti orðið til í samskiptum eigingjarnra þegna. En hann trúði því aldrei að einstaklingarnir væru að öllu leyti eiginhagsmunaverur og var einstaklega næmur fyrir sálfræðilegu aðdráttaraffli samúðarinnar.<sup>61</sup> Í *Kenningunni um siðferðilegar kenndir* [e. *The Theory of Moral Sentiments*] hefur hann mál sitt á þremur setningum sem rökstyðja mál hans með málsnilld og krafti.

Hversu sjálfselfur sem maðurinn kann að vera, þá fylgir augljóslega ákveðið lögmál eðli hans sem útskýrir áhuga hans á gæfu annarra og gerir það að verkum að hamingja þeirra er honum nauðsynleg, þrátt fyrir að hann fái ekkert út úr því nema ánægjuna við að sjá hana. Af þessum toga eru vorkunn eða samkennd, tilfinningin þar sem við finnum fyrir eynd annarra þegar við annaðhvort sjáum hana eða erum neydd til þess að móttaka hana á ákafan hátt. Sú staðreynd er of augljós til þess að nokkur þurfi dæmi til að sanna hana að við verðum oft sorgmædd þegar aðrir verða sorgmæddir; vegna þess að þessi kennd, líkt og allar aðrar upprunalegar ástríður mannlegs eðlis, er alls ekki bundin dyggðinni og mennskunni, þrátt fyrir að einstaklingar sem búa yfir slíkum eiginleikum gætu kannski fundið hana með dýpstu og viðkvæmstu næmninni.

*Alda Björk Valdímarsdóttir þýddi*

<sup>61</sup> Adam Smith, *Theory of Moral Sentiments*, bls. 9.